

Starfsáætlun



Leikskólinn Glaumbær

Efnisyfirlit

Formáli	3
Greinargerð leikskólastjóra	4
Innra og ytra mat	5
Mannauður	10
Hagnýtar upplýsingar	11
Foreldrasamstarf	13
Samstarf	14
Lokaorð	15

Formáli

Leikskólinn Glaumbær er starfræktur með sömu yfirstjórn og grunnskólinn á Borgarfirði sem er rekinn sem sérdeild undir Fellaskóla og er skólastjórinn þar skólastjóri leikskólans Glaumbæjar.

Starfsáætlun er yfirlýsing um hugmyndafræði, skipulag, vinnubrögð og gildi sem lögð eru til grundvallar leikskólastarfinu. Hún byggist á því sem samfélagið telur mikilsvert og á þeim menningararfi sem talið er mikilvægt að koma áleiðis til næstu kynslóðar. Leikskólastigið er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Starfsmönnum ber að vinna í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn sem fram kemur í starfsáætluninni

Starfsáætlun gerir leikskólastarfið sýnilegra með því að:

- veita heildarsýn yfir skólastarfið
- gera leikskólastarfið markvisst og auðvelt
- gefa starfsmönnum skýrar upplýsingar um hvers er vænst af þeim
- gera nýliðum auðveldara að komast inn í starfið
- auðvelda markvisst samstarf við foreldra, önnur skólastig og aðra samstarfsaðila.

Starfið tekur margs konar breytingum og þróast í takt við starfsmannahópinn, hvern barnahóp fyrir sig og tíðarandann, því er starfsáætlunin í sífelldri endurskoðun.



Greinargerð leikskólastjóra

Þegar ég lít tvö ár til baka voru hér það fá börn (1 – 2) að einungis var haldið úti lágmarks leikskólastarfi. Hægt og hæg er leikskólastarf að byggjast aftur upp og er það mjög ánægjulegt en þó samt nokkur áskorun. Í haust voru nemendur leikskólans orðnir átta og svo bættist einn við í janúar, svo í vor voru nemendur leikskólans orðnir 9 talsins.

Við erum sífellt að máta okkur við það rými sem í boði er og skiptum nemendum upp í hópá eins oft og við getum. Þetta gerum við til að taka tillit til allra aldurshópa og veita þeim rými til að þroskast í leik með jafnöldrum.


Mikið samstarf er á milli leik- og grunnskóla og er það í anda skólabragsins. Í vetur hafa elstu nemendur leikskólans verið í samkenndu með yngstu nemendum grunnskólans t.d. í verk- og listgreinum (Smíðju) sem og í útinámi og umhverfismennt. Þessi samkenndu/samstarf á eftir að verða enn meira næsta vetur þar sem einn nemendi er í elsta árgangi í leikskóla og einungis 2 nemendur í grunnskóladeildinni.

Áfram var leikskólavalið í boði fyrir elstu nemendur grunnskólans og að þessu sinni var það launað valið. Einn nemandi valdi það og var hjá okkur 4 klst í viku.

Ekki gekk eftir, sökum starfsmannaeklu, að vera í samstarfi við Hádegishöfða varðandi heimsóknir til þeirra með elsta nemenda skólans. Næsta vetur verður í boði að elsti nemandinn fari í skólaheimsóknir í 1. bekk í Fellaskóla í tengslum við Fellaferðir grunnskólans. Við teljum þetta mikilvægt til að efla félagsþroska hans og félagsleg tengsl.

Í vetur hefur verið hægt að skipta nemendum upp í tvo námshópa og vinna ákveðin þematengd verkefni. Við höfum verið að vinna með grunnþætti menntunar sem þemu, þar sem við skiptum þáttunum niður á tímabil á starfsárinu (sjá skóladagatal). Þessa vinnu ætlum við að þróa áfram næstu tvö árin.

Útinám var hluti af vikulegu plani leikskólans og létum við veðrið sjaldan stoppa okkur. Nemendur unnu í námshópum sínum náttúrutengd verkefni sem einnig tengdust inn á grunnþætti menntunar. Notast var við útinámsstofu skólans, leikskólalóðina og nærliggjandi svæði. Útinámið er í stöðugri þróun og verður það áfram.



Innra og ytra mat

Skólaþróun – Innra mat
Innra mat 2024 – 2026

Stjórnun

Viðfangsefni /markmið	Vegna	Aðgerðir	Ábyrgð	Tíma-rammi	Endurmat	Viðmið um árangur
Skólanámsskrá á Veturinn 2024-2026 Sameiginleg vinna grunn- og leikskóla	Komið að endurskoðun	Starfsfólk leik- og grunnskóla	Deildarstjóri grunnskóla	Áramót 2024-2026	Farið í þessa vinnu í haust og markmiðið er að til verði ein skólanámsskrá fyrir leik- og grunnskóla haustið 2025. Vor 2025. Vinna hafin við sameiginlega skólanámsskrá. Búið að setja inn helstu þætti en á eftir að vinna betur þætti hvað varðar skólabrag og áherslur hvað varðar sérstöðu skólans.	Að skólanámsskráin verði tilbúin og sýnileg vor 2026
Faglegt samstarf Sameiginleg vinna grunn- og leikskóla	Stefna skólans	Kennarar og deildarstjóri vinni næsta skólaár að festa í sessi samkennslu í útinámi og tónlist. Nemendur og kennarar flæði á milli skólastiga	Deildarstjórar leik- og grunnskóla	2024-2026	Í lok skólaárs 2026	Að búin að vinna stefnu sem styður undir að samstarf á milli þessara deilda verði eðlilegur þáttur í skólastarfinu og þannig nýtum við faglega þekkingu á báðum skólastigum.

		umfram stundaskrá.				
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Stefna skólans	Deildarstjóri og kennarar	Deildarstjóri	2025 - 2026	Í lok skólaárs 2026	Að búið verði að gera, aðlagðar, starfslýsingar deildarstjóra og kennara sem taka tillit til sérstöðu skólans.

*

Uppeldis- og menntunarstarf

Viðfangsefni /markmið	Vegna	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarami	Endurmat	Viðmið um árangur
Vinna markvisst með Blæ og Lubba	Stefna leikskólans	Hengja spjöld á vegg, útbúa hugtakakort	Kennarar	Janúar 2025	Vor 2025 Gekk eftir.	Fastar stundir einu sinni í viku.
Útinám/úti- kennslustofa Sameiginleg	Stefna skólans og upplifun	Kennarar vinni að kennsluáætlunum sem setja faglegan ramma um útinámið.	Deildarstjóri	2024-2025	Lok skólaárs 2025 Gekk eftir að mestu leyti. Erum að safna í gagnabanka kennsluáætlunum í útinámi. Sú vinna heldur áfram næsta vetur. Lok skólárs 2026	Gerð kennsluáætlun með markmiðum og leiðum.
Jákvæður agi og Lausnaringurinn	Stefna skólans	Kennarar vinni með þau áhersluatrið sem ákveðin eru hverju sinni og	Deildarstjórar grunn- og leikskóla	2024-2026	Í lok skólaárs 2025 Í vetur var unnið með “að stjórna sér” “bjóða knús” “stop”. Gekk vel að innleiða þessi hugtök bæði fyrir	Að starfsfólk og nemendur hafi náð að nýta sér þessa þætti í leik og starfi

Sameiginleg vinna grunn- og leikskóla		flétti þau inn í allt starfið.			nemendur og kennara. Einnig var unnið með lausnina að "hjálpa". Í haust verður valin ný lausn að vinna með.	
---------------------------------------	--	--------------------------------	--	--	---	--

Mannauður

Viðfangsefni /markmið	Vegna	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi	Endurmat	Viðmið um árangur
Starfsánægja Sameiginleg vinna grunn- og leikskóla	Stefna leikskólans. Stuðlar að meiri starfsánægju og minni forföllum á leikskólanum.	- Auka líðan og velferð starfsmanna með því að hafa skýrar verklýsingar og dagskipulag. - Gefa starfsmönnum tækifæri á að hafa frumkvæði og bera ábyrgð. - Að starfsmenn séu ánægðir og þeir upplifi að það tilheyri hópnum. - Skapa tækifæri fyrir hópinn að kynnast utan við vinnu.	Deildarstjórar og kennarar	Janúar 2026	Vor 2026	Ánægðir og áhugasamir starfsmenn sem sýna börnum umhyggju. Haf metnað fyrir starfinu og finna að þeirra framlag sé metið.

Skólabragur

Viðfangsefni /markmið	Vegna	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi	Endurmat	Viðmið um árangur
Viðmót og menning Sameiginleg vinna grunn- og leikskóla	Stefna leikskólans.	- Hefja vinnu við að móta stefnu um skólabrag og menningu leik- og grunnskóla á Borgarfirði. - Halda fund með starfsfólki og foreldrum í haust og draga út þær áherslur úr starfinu sem við viljum festa í sessi. - Vinna skólastefnu upp úr þessum atriðum. - Kynna þær opinberlega.	Deildar- stjórar og kennarar	Janúar 2026	Vor 2026	Að skólabragurinn verði sýnilegur öllum sem að skólastarfinu koma, þar með taldir foreldrar nemenda.

Innra mat

Viðfangsefni /markmið	Vegna	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi	Endurmat	Viðmið um árangur
* Innra mat	Stefna leik- og grunnskóla	Kennarar og deildarstjóri velja, í upphafi skólaárs, tvo þætti í skólastarfinu til að vinna með og leggja mat á .	Deildar- stjóri	2024-2026	Lok skólaárs 2025 Vor 2025. <i>Lagt var mat á verkferla og skipulag á daglegu starfi í leikskólanum.</i> Í ljós kom að bæta mætti verulega úr því. Farið var í þá vinnu að uppfæra verkferla og skipulag til að auka á skilvirkni og vellíðan starfsfólks í starfi.	Að innra mat hafi átt sér stað í tveimur eða fleiri þáttum skólastarfsins .

					<i>Lagt var mat á hvernig við samnýtum kennara á leik- og grunnskólastigi og ánægju kennara með það.</i> Í ljós kom að við nýtum ágætlega þann mannauð sem við höfum en kennarar sammála um að gera mætti betur t.d. hafa skýrari verklýsingar og ábyrgð á verkefnunum. Það eitt eykur ánægju í starfi.	
--	--	--	--	--	---	--

*Ákveðið verður á fyrsta starfsmannafundi í haust hvaða tveir þættir í skólastarfinu verða skoðaðir og metnir.

Ytra mat hefur ekki átt sér stað

Mannauður

Lögð er áhersla á að starfsmenn bæði grunn- og leikskólans vinni sem ein heild og er skólastarfið skipulagt þannig.

Starfsmenn fá yfirleitt sameiginlega fræðslu. Fræðsla og umræða á skipulagsdögum og á starfsmannafundum er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna.

Starfsmönnum gefst kostur á að sækja námskeið er varðar skólastarf. Eitt skóladagatal er fyrir bæði skólastigin þar sem fram koma t.d. starfsdagar, starfsmannafundir, uppbrotsdagar, viðburðir og frídagar.

Móttökuáætlun er ekki til staðar fyrir nýja starfsmenn. En stuðst við móttökuáætlun Fellaskóla. Deildarstjóri sér um að kynna kynna þeim mikilvæg atriði í skólastarfinu, fer yfir stefnu skólans og auðveldar þeim að aðlagast nýjum vinnustað eins og þurfa þykir.


Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári.

Við leikskóladeildina störfuðu í vetur tveir kennari í 100% starfi. Annar deildarstjóri og hinn lauk B.ed gráðu í leikskólakennarafræðim s.l. vor. Einnig tveir ófaglærðir kennarar starfandi, annar í 60% starfi en hinn í tímakennslu meðfram kennslu við grunnskólann.

Kennarafundir eru einu sinni í viku í grunnskólanum og starfsmannafundir að jafnaði einu sinni í mánuði (deildarstjóri leikskóladeildar situr stundum kennarafundi).

Deildarfundir hafa verið frá því í janúar 1 sinni í mánuði að jafnaði.

Deildarstjóri og kennari á leikskóladeild hafa samráð einu sinni í viku sem og deildarstjórar leikskóla og grunnskóla.



Hagnýtar upplýsingar

Barnahópurinn

Í vetur voru átta nemendur á leikskóladeildinni fram að áramótum en þá bætist einn nemendi við. Þessir nemendur eru á aldrinum 1 – 4 ára. Í haust liggur fyrir ein umsókn um leikskólavist og eins hafa borist fyrirspurnir.

Heildarfjöldi barna og aldursdreifing

Skólaárið 2024-2025			
Fæðingarár	Heildarfjöldi	Drengir	Stúlkur
2019	0		
2020	1	1	
2021	1		1
2022	3	2	1
2023	3	1	2
2024	1		1
Samtals	9	4	5

Viðvera barna

Fjöldi klukkustunda	2020	2021	2022	2023	2024
5					
6				1	
7					1
8	1	1	3	2	

Aðlögun

Á Glaumbæ eru stuðst við þátttökuaðlögun þegar barn byrjar á leikskólanum. Hún byggir á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum heldur sé barnið að læra að vera í nýjum aðstæðum.

Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í leikskólastarfinu þá þrjá daga sem aðlögunin á sér stað. Með því fá foreldrar kjörið tækifæri til að kynnst starfinu og kennurum leikskólans, dagsskipulagi og leiknum sem stuðlar að öryggi og trausti foreldra í garð leikskólans. Með þessu ferli öðlast bæði foreldrar og börn það öryggi sem þarf til að dafna í leik og starfi. Foreldrar kynnst auk þess öðrum foreldrum í sömu sporum og myndast gjarnan kunningja- og vinasambönd þeirra á milli.



Viðbótarkennsla

„Leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.“

Samkvæmt hugmyndafræði „**skóli án aðgreiningar**“ eða „**skóli fyrir alla**“ ber leikskólanum að taka á móti öllum börnum þar sem þeim býðst góð menntun sem er byggð á þörfum þeirra.

Sum börn þurfa meiri aðstoð en önnur til að þroskast og læra. Þegar slík er raunin og til að hægt sé að mæta þörfum þess er unnið með það sérstaklega innan hópsins eða einstaklingslega.

Á Glaumbæ hefur ekki verið brýn þörf á viðbótarkennslu í vetur heldur notaðir mólörvunar- hreyfi og félagsfærnihópar/sögur til að vinna með þær áskoranir sem fyrir hendi eru.

Húsnæði og lóð

Í haust var sett upp fatahengi í miðrými skólans þar sem útgengt er út á leikskólalóðina. Þetta fatahengi dekkar þá þörf sem er í dag en með fjölgun barna næsta vetur þarf að bæta við. Í vetur var sett upp eldhúsinnrétting í miðrýminu þar sem börnin matast. Það auðveldar alla umsýslu með matinn sem kemur frá Blábjörgum. Í býgerð er örlítil stækkun á leikskólalóð sem og nýr almenningsleikvöllur sem staðsettur verður við hlið leikskólalóðar og ætti að nýtast leikskólanum vel.

Nauðsynlega þarf að mála tvö rými leikskólans svo og miðrýmið þar sem börnin matast. Eins og áður sagði þá þarf einnig að bæta við í fataklefa barna því með ört stækkandi leikskóla þarf stöðugt að vera að endurnýja og bæta við rýmum.

Öryggismál

Endurskoðun áætlana á borð við viðbragðsáætlunar vegna slysa, áfalla, eldsvoða, veðurs sem og eineltisáætlun, jafnréttisáætlun og áætlunum símenntun og starfsþróun er í vinnslu um leið og unnið er að nýrri og endurskoðaðri skólanámskrá leik- og grunnskóla.

Sumar af þessum áætlunum er hægt að nálgast á heimasíðu Fellaskóla en aðrar áætlanir eru einskorðaðar við aðstæður á Borgarfirði t.d. viðbragðsáætlanir vegna slysa, eldsvoða og veðurs.

Sjá starfsáætlun Fellaskóla



Skóladagatal

Sjá fylgiskjöl

Foreldrasamstarf

Foreldrar eru velkomnir á alla viðburði í grunn- og leikskólanum svo og alla fundi og kynningar. Þetta á bæði við foreldra grunn- og leikskólanemenda. Foreldrar leikskólabarnanna eru mikilvægur hlekkur í öllu skólastarfinu og í svona fámennu skólasamfélagi skiptir hver einstaklingur miklu máli. Samstaf foreldra, kennara og starfsfólks skólans í viðburðum á vegum skólans er mikilvægt, nauðsynlegt og mjög ánægjulegt.

Haldinn er einn samtalsdagur á hverju skólaári þar sem foreldrar og kennarar ræða einslega þroska og stöðu barnsins á leikskólanum en einnig til að koma á framfæri hugmyndum og vangaveltum varðandi skólastarfið. Þessi samtalsdagur er í mars. Haldnir eru tveir foreldrafundir með öllum foreldrum til að ræða um skólastafið, leggja fyrir áætlanir t.d. skóladagatal en einnig til að kynna nýjungar, þessir fundir eru í upphafi og lok skólaársins.

Foreldrar skipuleggja uppákomur í leikskólanum t.d. mæðra- og feðradaginn, öskudaginn og aðstoða við framkvæmd á öðrum uppbrotsdögum. Þeir aðstoða við fegrun á umhverfi leikskólans og safna fyrir hlutum til að gefa til skólans.

Á töflu í fataklefa skólans eru upplýsingar um dagskipulag, þemavinnu og fleira sem varðar foreldra og börn. Foreldrar fá reglulega sendan póst frá leikskólanum um starfið og annað sem ástæða þykir að minnast á. Völu-appið fyrir foreldra og kennara er mikið þarfapening þar sem við getum sent og tekið á móti tilkynningum, sent fréttir, matseðla og viðburðadagatal fyrir leikskólann. Foreldrar hafa greiðan aðgang að kennurum og öðru starfsfólki skólans. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann til skrafs og ráðagerða.

Foreldrafélag.

Foreldrar leikskólabarna eru fullgildir meðlimir í foreldrafélagi Grunn- og leikskóla Borgarfjarðar.

Foreldraráð/ Skólaráð

Sjá starfsáætlun Fellaskóla. Í skólaráði situr Tinna Magnusson f.h. kennara í Fellaskóla og Borgarfirði eystra.

Áheyrnarfulltrúar fjölskylduráðs.

Sjá starfsáætlun Fellaskóla.

Samstarf

Leikskólar í Múlaþingi heyra undir Fjölskyldusvið og veitir skólaþjónusta Múlaþings faglega þjónustu og ráðgjöf, þar með talda faglega ráðgjöf til fjölskyldna, stjórnenda og starfsfólks leikskóla.

Skólaþjónustan og ALL-teymið starfa saman í því skyni að leysa farsællega úr málefnum barna og fjölskyldna þeirra.

Mikið og náið samstarf er við grunnskóladeildina og er mikið flæði á milli skólastiga.

Mikið samstarf er við Fellaskóla og alltaf þegar við höfum haft nemendur í elsta árgangi hafa verið reglulegar heimsóknir þangað.

Heimsóknir í Hádegishöfða hafa verið í þróun og heldur sú vinna vonandi áfram.



Lokaorð

Það má sjá á þessari starfsáætlun að það er áframhaldandi jákvæð þróun hjá okkur á Borgarfirði varðandi fjölda leikskólanemenda og við erum vel mönnuð af fagfólki. Við finnum fyrir stuðningi samfélagsins, íbúarnir taka þátt í viðburðum á vegum skólans og fyrir það erum við mjög þakklát. Það þarf nefninlega heilt þorp til að ala upp barn. Framundan hjá okkur er að aðlaga/endurnýja húsnæði skólans og leikskólalóðina að ört stækkandi barnahópi.



Fylgiskjöl: Skóladagatal